

Nafnaskipan ferskvatnaísa
(uppkast)

Nafnaskipan vatnaísa

A FRUMMYNDIR ÍSS

- 1 Snjór úrkoma í hexagonöllum kristöllum
- 2 Ísnálar og íspynnur hexagonal kristallar myndast á yfirborði kyrra vatna, sem þunnt hem, í vatni á hreyfingu inni í sjálfum hringiðunum
- a) Svífís ísnálar eða íspynnur, sem mynda óreglulega íshnoðra með öngum og spjótum í undirköldu vatni
- 3 Yfirborðsís samfelld íspekja

B ÍSAMYNDANIR

- 1 Tegundir ísamyndana
- a) Krap gegnvotur snjór, að nokkru leyti fljótandi á auðu vatni, að nokkru leyti sem þétt lag ofan á íspekju.
- b) Íshröngl sundurlaus ís og minni eða stærri ístykki og molar eða klumpar
- 1 Krapí dyngjur af svífís, sem oft innihalda minni eða stærri ísklumpa sem flotíð hafa upp frá botni.
- 2 Jakahröngl úr brotnum skörum og öðrum yfirborðsís.
- 3 Skeljaís þunnar skífur eða skeljar, sem koma fram þegar mjög þunnur yfirborðsís brotnar upp. Þegar skeljaís hrúgast upp liggja skeljarnar í lögum.
- C) Grunnstingull þétt seigt en gljúpt lag úr svífís, sem lagst hefur á steina eða annað í botni eða niður í vatninu. Grunnstingull byrjar þannig að svífís sest hlið við hlið í staukstefnur á t.d. steina í botninum í þéttum lóðréttum röðum líkt og skegg, er meira og meira af svífís sest þar utan í og ofan á unz botninn er alþakinn gljúpu íslagi og getur því meira að segja skotið upp úr vatninu. Stærri eða minni fyllur losna úr botni smásaman og fljóta upp til yfirborðsins.
- D) Diskaís hringlaga smájakar með ljósleitri bryddingu. Þeir myndast úr Krapa eða skeljaís í ískriði samfara öldugangi í köldu veðri. Krapinn eða ísskeljar núast stöðugt saman verða hringlaga og kantar myndast á þeim, sem hefur mikla þýðingu í þá átt að styrkja ísinn.

Vegna þessa kants verða íshellurnar í lögun eins og flatur diskur. Þegar dirskanrir rekast á snúast þeir lítið eitt, fara gjarnan í kaf og fyllast af vatni eða alda sletti vatni upp á þá vatnið frýs og þá eru þeir orðnir enn sterkari. Í öðru lagi stækkar snertiflötur ísdiskanna, svo að þeir frjósa auðveldlega saman.

E Hrannarís samanþjappað íshröngl og jakar.

F Rekís ís sem hrekst undan straumi eða vindi.

Söfnun ísa

a) Grunnstingulleyja

Þegar grunnstingli skýtur upp úr vatni leggst harður þéttur yfirborðsís utan um toppinn, sem upp úr stendur. Þannig verður til íseyja. Krapí leggst þar að og eyjarnar vaxa saman. Grunnstingulseyjarnar valda vatnsborðshækkun ásama hátt og sjálfur grunnstingullinn.

b) Krapahrönn söfnun ísmalar undir ísþekju af því leiðir venjulegast vatnsborðshækkun. Krapahrönn undir ísþekju er venjulegast aðalhluti krapastíflu.

c) Ísstífla ís leggst í farveginum og stíflar rennsli meira eða minna.

1 Krapastífla Krapahrönn undir ísþekju töveldar rennslið og getur jafnvel alveg stöðvað það. Af því leiðir vatnsborðshækkun móti straumi, og oft stórar vatnsfyllur. Dýpið vex, en straum hraðinn stendur í öfugu hlutfalli við dýpt svo að hann minnkar og er hann þar undir 0,5 m/s, staðnar ísmölin við skör ísþekjunnar en stingur sér ekki inn undir, þannig leggja straumharðar ár þ.e.a.s. íshellumyndanir fer mót straumi.

2 Jakastífla Jakar sem brotna upp venjulegast í hláku staðna aftur í farveginum og stífla hann. Þetta gerist þannig að jakar stöðvast fyrst t.d. við ísspöng klettahorn, eyjar eða þ.l. jakar sem á eftir koma loka vatnsaugunum á milli hinna fyrri þ.e.a.s. þeir brotna ekki heldur stöðvast og þannig koll af kolli. Stífla vex uppí strauminn og spyrnir út til hliðar líkt og bogabré.

D) Hrönn Leyfar af krapahrönn eða krapastíflu eftir að áin hefur skorið sig niður. Hrönnin stendur á botni með fram bökkunum eða skerjum og hreyfir ei með breyttri vatnshæð

c) Yfirborðsís

1 Tegund ísþekju

a) Lagnaðarís

Kristalarnir orðið til á staðnum eða snjófallið í autt vatnið og frostið fastur án þess að hrannast upp.

1 Glært svell myndast þegar vatn frýst án þess að snjóað hafi í vatnið autt eða að isnálar hafi á annan hátt borist að. Kristallarnir í ísnum eru venjulegast lóóréttir.

2 Gráís grár að lit og meira og minna ógegnsær. Myndast þegar snjóar í vatnið autt og frýs síðan. Lega kristallana óregluleg.

a) Ljós gráís myndast þegar mikið krap er í vatninu er það frýs.

b) Dökkur gráís

myndast þegar lítið krap er í vatninu þegar það frýs.

B Hrannarís

samanþjöppuð íshröngl og jarkar. Þegar straumharðar ár frjósa þá er það hrannarís, sem legst á þær. Ísinn er ljós og ógegnsær og ósléttur. Það má venjulegast telja hann samsettan í þrem lögum. Efst eru jakar sem rísa á rönd og standa upp úr aðal íspekjuni, en á milli þeirra er meira og minna af sléttum blettum af lagnaðarís en undir er krap, mörk milli vatnsins og íssins óljós, hann er ekki síður ójafn að neðan heldur en að ofan.

2 Burðarmáttur ísa

3 Lagskipting

a) Steypuís ís sem myndast þegar vatn ofan á ís frýs. Venjulegast gráís en stundum glærís.

1 Yfirís efsta íslag ofan á vatni á ís.

2 Milliís íslag þegar vatn er yfir og vatn er undir og þar undir er ís.

b) Undirís neðsta íslag

c) Svellbólstur

mörg lög í gárum oft gulleitur og ógegnsær. Myndast á yfirborðinu um leið og vatnið rennur að og myndar þunnt lag, lækur sem seitlar fram eða jarðast úr bergi o.s.frv.

4 Afstaða til lands og vatnsborös

a) Landfastur ís

íspekja frosin föst við strönd.

1 Höfuðís landföst ísrönd við á venjulegast talað um ~~höfuðísaxlandfastir ísbekkir við bæði lönd, er~~ höfuðísa landfastir ísbekkir við bæði lönd, er auður áll í milli

2 Skör landfast ísrönd á við á eða stöðuvatn.

3 Flóðamækir (nánari skýring síðar)

b) Ís laus við land ís losnaður frá landi.

C Íspak íslag á lofti, hvílir t.d. á steinum eða því
íku er vatnið hefur lækkað

D Fljótandi ís ís fljótandi á vatni

Ástandið við ísinn og í ísnum

1 Yfirborðstegundir

a) Svell slétt íspekja

b) Gárarís

2 Sprungur

3 Vatn á ísnum

4 Göt í ísinn

a) Vök auður slettur, ólagt eða gat í ísinn

1 Landvök vök meðfram strönd

a) Sandæta vök út frá dökkum sandi, helzt á vorin
þegar sólfar er mikið

2 Afæta vök sem kalda gerir í íspekju, er oft hulin
nýsnæfi. (Launvök)

3 Álfavök

(Útsorfið, kringlótt gat í ísinn, myndað)

4 Áll löng vök miðað við breidd = áður áll

a) Straumrák

áður áll eftir ánni, þar sem straumur er mestur
mjög algengt.

Sírenna

renni gerð í íspekju

EMyndun, vöxtur og leysing

1 Myndun, leysir

a) Svífísinn þegar svífís myndast

b) Vatnleggur íspekja myndast

c) Leysing " leysist upp

1 Verða autt íslögin fullkomin

2 Hreyfing íss

Krapaför

~~ísskrið~~ ísskrið


þrekhlauþ

(= ryður sig)

Misgengi íss

Samdráttur íss

ÍSALÖG VATNA



LANDFASTUR ÍS
og kyrrstæður.

ÍS Á HREYFINGU

RAFORKUMÁLASTJÓRI
VATNAMÆLINGAR
ÍSALÖG VATNA

5/12'59 S.Rist/O.H.
T-179
B-3ým
F-4862

JAKAR Landfastir
endurtekning
venjulegt lokastig.

KRAPAHRÖNN
undir ísþekju
endurtekning.